



Miklar launahækkningar skapa ekki alltaf kaupmátt

Kjarasamningum að mestu lokið

Nú er kjarasamningum lokið fyrir rúmlega 90% af vinnumarkaðnum eftir að kjaraviðræður hófust á fyrri hluta þessa árs. Síðustu samningar eru almennt á svipuðum nótum og þeir samningar sem gerðir hafa verið á opinbera vinnumarkaðnum að undanförunu og byggja á Salek-samkomulaginu svokallaða sem náðist í október milli aðila vinnumarkaðarins.

Umræðan er yfirleitt mest um stóru samningana á almennum vinnumarkaði og svo um kjarasamninga þar sem gripið er til aðgerða. Ætla mætti að laun hækki mest strax í kjölfar stórra samninga en svo er ekki. Sé litið á þróun launavísitölunnar síðustu ár má sjá að hækkunartaktur hennar er nokkuð stöðugur, óháð því hvort stórir samningar hafa verið gerðir eða ekki. Allt frá miðju ári 2012 hefur árhækkunartaktur launavísitölunnar yfirleitt legið á bilinu 5-6%, en tók svo kipp upp á við nú í sumar.


Skýra má þessa jöfnu þróun launahækkana að hluta til með launaskriði sem verður jafnan til á hverju samningstímabili. Þessar tölur endurspeglu líka þá staðreynd að það er verið að gera kjarasamninga og semja um launahækkningar á löngum tíma áður og eftir að stóru samningarnir eru gerðir. Niðurstöður þeirra samninga koma jafnóðum inn í launavísitölu eins og launaskriðið.

Þróunin er hagstæð

Launa- og kaupmáttarþróun á síðasta ári var launþegum almennt verulega hagstæð. Regluleg laun landsmanna voru að jafnaði 8,2% hærri í september 2015 en í sama mánuði 2014.


Kaupmáttur jókst að meðaltali um 6,2% á þessu tímabili. Þvert á allar spár rauk verðbólga ekki upp í kjölfar samninganna í vor og koma þar ýmsir þættir til. Hugsanlega hafa fyrirtæki haft meira svigrúm en talið var til þess að taka á sig launahækkningar, en kannski sýna þau þolinmæði og bíða þar til ljóst verður með framlengingu eða uppsögn

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



kjarasamninga. Meginskýringuna á lítilli verðbólgu er hins vegar að finna í lækkun á innfluttu verðlagi sem kemur m.a. til vegna lágs hrávöruverðs, styrkingar krónunnar og verðhjöðnunar á innflutningsmörkuðum.

Kaupmáttur launa er nú orðinn hærri en nokkru sinni fyrr. Kaupmáttur á mælikvarða launavísitölu varð áður hæstur í ágúst 2007, náði aftur sama stigi í nóvember 2014 og hefur aukist síðan. Þessi þróun hefur hins vegar kostað verulegar launahækkningar. Frá árinu 2001 hafa laun hækkað um næstum 150% á meðan kaupmáttur hefur aukist um 20%.

Áhrif Salek-samkomulagsins


Nú þegar eru viðræður í gangi á almenna markaðnum varðandi mögulega framlengingu samninga í upphafi næsta árs. Breytingum á kjarasamningi þarf að vera lokið í síðasta lagi fyrir 1. febrúar 2016 og leggja þarf þær undir atkvæði félagsmanna. Samkvæmt samkomulaginu er stefnt að því að uppsagnarákvæði árána þar á eftir falli niður og að samningstímabilið nái að renna sitt skeið sem myndi þýða frið á vinnumarkaði til ársloka 2018. Niðurstaðan gæti því orðið sú að í árslok 2018 hafi launakostnaður allra hópa hækkað um 32% frá árslokum 2013, en ekki er vitað nákvæmlega hvernig útfærslan verður.

Verðbólga mun taka við sér


Verðbólguhorfurnar eru góðar fyrir næstu mánuði. Um næstu áramót falla niður tollar á fatnað og skó sem hefur áhrif til lækkunar á verðlagi ef lækkunin skilar sér að fullu til neytenda. Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að verðbólgan verði að jafnaði nálægt 2,5% verðbólgu markmiðinu fram á mitt næsta ár.

Það verður hins vegar vart hjá því komist að þær verulegu launahækkningar sem liggja á borðinu muni að lokum leiða til aukinnar verðbólgu. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hrávöru- og olíuverð haldist áfram lágt og að krónan styrkist lítils háttar á næstu misserum, nægir það ekki til að vega á móti áhrifum launahækkana. Við gerum því ráð fyrir að verðbólgan hækki nokkuð hratt á síðari helmingi næsta árs og nálgist 5% árið 2017. Kaupmáttur launa mun aukast um u.þ.b. 5% á þessu ári og næsta, en í kringum 2% 2017 og 2018 ef fer fram sem horfir.


Kaupmáttur launa frá 2001



Þróun launa og kaupmáttar



Beytingar launa og kaupmáttar milli ára





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.